

Alþingi  
Erindi nr. P 133/99  
komudagur 10.11.2006

## Hólamannafélagið – hollvinasamatök Hólaskóla, Háskólans á Hólum


Akureyri, 10. nóvember, 2006

**Efni: Umsögn um Þskj. 190 – 189. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr, 57/1999 með síðari breytingum.**

Hólamannafélagið vill koma eftirfarandi á framfæri vegna ofangreinds frumvarps:

1. Hólamannafélagið fagnar þessu frumvarpi í heild sinni og telur það til mikilla bóta fyrir skólastarf á Hólum og í raun aðlögun að því starfi sem þegar er unnið þar.
2. Hólamannafélagið hefur efasemdir um að það sé rétt aðferðafræði að segja núverandi starfsmönnum upp störfum og endurráða þá síðan. Samþykkt frumvarpsins felur í fyrstunni ekki í sér breytingar á störfum núverandi starfsmanna heldur munu breytingar taka tíma og komast smám saman á. Því fela uppsagnir starfsmanna ekki annað í sér en að skapa þeim óöryggi og óþægindum. Hólamannafélagið leggur því til að í greininni “Ákvæði til bráðabirgða” verði setningarnar “Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum” felldar niður en í þeirra stað komi setningin, “Störf Hólaskóla verða við gildistöku laga þessara störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.”
3. Hólamannafélagið telur mikilvægt að í háskólaráði verði fulltrúar þeirra atvinnugreina, sem Hólaskóli – Háskólinn á Hólum ætlar að sinna. Hins vegar hefur félagið efasemdir um að í háskólaráði eigi að sitja fulltrúi samstarfsstofnana skólans og leggur því til að í c) lið 10. gr. verði 4. töluliður, þar sem kveðið er á um að háskólaráð Háskóla Íslands tilnefni fulltrúa í háskólaráð Hólaskóla – Háskólans á Hólum, felldur niður. Vel mætti hins vegar hugsa sér að Hólamannafélagið, hollvinasamtök skólans, þar sem fyrrum starfsmenn og nemendur hans og aðrir velunnarar eru félagar, eigi fulltrúa í háskólaráði og er það hér með lagt til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hólamannafélagsins,

  
Pétur Bjarnason  
formaður  
Löngumýri 34  
600 Akureyri